



Húsnefnd Félagsheimilisins Borg

Fundargerð.

2. fundur Húsnefndar Félagsheimilisins Borg var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, þriðjudaginn 12. júní 2012 kl. 13⁰⁰ e.h.

Fundinn sátu:

Ingibjörg Harðardóttir formaður, sveitarstjóri

Böðvar Pálsson, fulltrúi sveitarstjórnar

Hörður Óli Guðmundsson, fulltrúi sveitarstjórnar

Guðmundur Jóhannesson, fulltrúi Ungmennafélagsins Hvatar

Sigríður Björnsdóttir, fulltrúi Kvenfélags Grímsneshrepps

Áslaug Guðmundsdóttir, húsvörður Félagsheimilisins Borgar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Hörður Óli Guðmundsson.

1. Endurnýjun á borðbúnaði.

Búið er að endurnýja borðbúnað. Keyptur var borðbúnaður fyrir 250 manns.

2. Framkvæmdir utanhúss.

Frestað verður framkvæmdum utan húss þar til framkvæmdum við nýja skólann er lokið. Í framhaldi af endurnýjun eldhúss ætti að huga að lagfæringum á ytrabyrði Félagsheimilisins, laga múrhúð eða klæða með viðhaldsfríri klæðningu og skipta um glugga. Eru nefndarmenn á einu máli um að útlit Félagsheimilisins verði að vera þannig að það njóti sín vel og skeri sig frá húsunum í kring.

3. Framkvæmdir innanhúss.

Þörf er á að endurnýja dúka og stóla. Snyrtiaðstöðu fyrir fatlaða sárvantar.

4. Leiga á húsinu.

Ekki verður hægt að leigja húsið út eftir páska 2013 og fram til loka ágúst það sama ár, vegna framkvæmda við nýtt eldhús. Elda þarf í skólabörn í tvo mánuði, apríl og maí annarsstaðar, hugsanlega er hægt að elda fyrir leikskólabörn upp í leikskóla.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 14:15